

## STEFNA ÍSLANDSSJÓÐA HF. VARÐANDI HAGSMUNAÁREKSTRA - ÚTDRÁTTUR

Íslandssjóðir hf. hefur sett sér stefnu varðandi hagsmunaárekstra á grundvelli laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, reglugerðar nr. 471/2014 um skipulagskröfur rekstrarfélaga verðbréfasjóða og leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 4/2014 um aðskilnað starfssviða.

Markmið stefnunnar er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem geta skaðað hagsmuni viðskiptavina Íslandssjóða.

Í því skyni að greina hagsmunaárekstra sem geta skapast við veitingu þjónustu í tengslum við sjóðastýringu eða aðra starfsemi Íslandssjóða hafa Íslandssjóðir lagt mat á margvísleg atriði í starfseminni og kortlagt þær aðstæður sem geta valdið hagsmunaárekstrum.

Með hliðsjón af greiningu hagsmunaárekstra hafa Íslandssjóðir kappkostað við að gera allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem geta skaðað hagsmuni viðskiptavina. Í þeim tilgangi hafa Íslandssjóðir beitt ýmsum aðferðum og ráðstöfunum til þess að stýra hagsmunaárekstrum og tryggja að fulltrúar Íslandssjóða, sem sinna störfum sem geta haft í för með sér hagsmunaárekstra, séu sjálfstæðir í störfum sínum.

Í því skyni að stýra hagsmunaárekstrum vegna tengsla Íslandssjóða við móðurfélag þess er lögð sérstök áhersla á aðskilnað og óhæði Íslandssjóða gagnvart móðurfélaginu og gagnsæi í viðskiptum þessara aðila.

Haldinn er skrá yfir þá tegund starfsemi, sem stunduð er af Íslandssjóðum eða fyrir hönd Íslandssjóða, þar sem skapast hefur hagsmunaárekstur.

Ef talið er að skipulag eða stjórnarfyrikomulag Íslandssjóða til að stýra hagsmunaárekstrum sé ekki fullnægjandi er slíkt tafarlaust tilkynnt stjórnanda Íslandssjóða, eða öðrum þar til bærum aðila, til að unnt sé að gera viðeigandi ráðstafanir sem tryggja að Íslandssjóðir starfi með hagsmuni viðkomandi sjóðs og viðskiptavina að leiðarljósi. Viðkomandi viðskiptavinir er gert viðvart komi upp slíkar aðstæður og tilkynnt um þær ráðstafanir sem gripið verður til í kjölfarið.

Regluvörður Íslandssjóða annast eftirlit með framkvæmd stefnu Íslandssjóða varðandi hagsmunaárekstra og geta viðskiptavinir komið athugasemdum til regluvarðar telji þeir að ekki séu gerðar fullnægjandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

Útdráttur þessi gefur yfirlit yfir helstu þætti í stefnu Íslandssjóða varðandi hagsmunaárekstra. Allar nánari upplýsingar um stefnuna má nálgast hjá Íslandssjóðum.